

Reglugjörð

um notkun og meðferð rafmagns við rafveitu Suðurfjarðahrepps í Bíldudal.

1. gr.

Rafveitan í Bíldudal selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem leiðslukerfi hennar nær yfir, að svo miklu leyti sem orka stöðvarinnar nægir, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Rafmagnsvjelinni sje haldið í gangi alt árið ekki skemur en frá kl. 5 til kl. 23 frá 1. maí til 15. ágúst og frá kl. 6 til kl. 24 frá 15. ágúst til 1. maí. Breyting á þessu ákvæði getur hreppsnefndin gert, eftir tillögu rafveitunefndar, þó skal vjelin ekki vera skemur í gangi en 18 stundir hvern sólarhring.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má að eins stöðva þær eða taka af strauminn, að brýna nauðsyn beri til, sökum aðgjörða eða annarara tálmana, er ekki verður hjá komist og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum á þræðina svo fljótt sem unt er.

Breytingar, aðgjörðir og viðtengingar á nýjum línun, skulu að svo miklu leyti sem unt er, framkvæmdar þannig að ekki valdi truflun á góðum rekstri rafveitunnar. Komi það fyrir að rafvjin sje stöðvuð sökum aðgjörða eða af öðrum ástæðum, sem ekki verður hjá komist, lengur en 2 sólarhringa í senn, á tímabilinu frá $1\frac{1}{8}$ til $30\frac{3}{4}$ skal draga frá $1\frac{1}{365}$ af árgjaldi fyrir hvern sólarhring, sem framyfir er, en á tímabilinu frá $1\frac{1}{5}$ til $31\frac{1}{7}$ skal draga frá $1\frac{1}{500}$ af árgjaldinu hjá þeim notendum sem nota rafmagn til annars en ljósa, en ekkert hjá öðrum notendum, að öðru leyti ber stöðin gagnvart rafmagnsnotendum enga ábyrgð á lokun sem stafar af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum atvikum (vis major), en skemdir verða bættar svo fljótt sem unt er.

3. gr.

Hver sem óskar að fá innleiðslu eða breyting á eldri leiðslu, skal senda formanni rafveitunefndar skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingum um hve mikið rafmagn hann vill fá og til hvaða notkunar og öðrum nauðsynlegum upplýsingum; formaður leitar álits stöðvarstjóra og leggur síðan umsóknina með athugasemdum sínum fyrir rafveitunefndina, sem ákveður hvort innleiðslan skuli leyfð eða ekki. Formaður rafveitunefndar tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar og skal sú tillaga vera komin til hans ekki seinna en þrem vikum eftir að umsóknin kom formanui í hendur. Áður en byrjað er á innleiðslunni skal hlutaðeigandi umsækjandi með undirskrift sinni á eitt eintak þessarar reglugjörðar skuldbinda sig til þess að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gjörir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi fyrir að minsta kosti eitt misseri; hafi ekki verið sagt upp fyrir 1. júní eða 1. desember, skóðast pöntun gildandi fyrir næsta misseri frá 1. júlí og 1. janúar að telja.

Almanaksárið er reikningsár rafveitunnar.

4. gr.

63

22. maí

Afálmur leggur rafveitan á sinn kostnað sje ekki lengra en 40 metrar frá aðalálm- um að húsinu og að öryggjum, sje vegalengdin meiri kostar notandi það, sem framyfir er, en rafveitan lætur framkvæma verkið; ef sjerstakir örðugleikar eru á leiðslunni getur rafveitan krafist endurgjalds á þeim kostnaði, er þeir orsaka, en þó skal hún gera hlutaðeigandi umsækjanda aðvart um það fyrirfram. Rafveitunefnd ákveður hverjir rafmagnsnotendur skuli hafa mæla eða takmarkara og skal rafveitan kosta þá fyrir hæfilega leigu. Þeir notendur, sem þess óska, geta fengið takmarkarana eða mælana keypta. Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndarinnar.

5. gr.

Innanhúisleiðslur, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv. skal setja upp á kostnað umsækjanda af löggiltum rafleiðslumanni. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin í samráði við rafveitunefnd hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta nseinu, sem rafveitunni tilheyrir innan húss eða utan.

6. gr.

Nú hefir verið lokið við innleiðslu eða breyting á eldri innleiðslu eða ný áhöld sett í samband við hana og má þá ekki taka innleiðsluna eða áhöldin til afnota fyrir en stöðvarstjóri eða löggiltur rafleiðslumaður, annar en sá sem verkið vann, hefir vottað að hún sje fullnægjandi. Álitist innleiðslan eða áhöldin ófullnægjandi skal hlutaðeigandi umsækjandi láta laga það, er ábótavant er, svo að fullnægjandi sje.

7. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr rafveitunni, brjóta innsigli hennar nje aðhafast nokkuð það, sem valdið geti slysum eða skemdum á rafveitutangum eða öðrum rafveitutækjum, sem notuð eru í sambandi við rafveituna. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið að þyngri hegning liggi við samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum.

8. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber eftir mætti að sjá um að innleiðsla hans ætíð sje í góðu lagi. Komi ólag á rafveitutæki eða rafveituleiðsluna í húsi, þannig að skemdum (eða hættu) geti valdið á eignum rafveitunnar t. d., bráðni öryggi eða bilun sjáist á einangrun á leiðslunum, þá skal húsráðandi tafarlaust, tjá það rafveitunefndinni. Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss en rafveitan utanhúss. Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv. Þar sem rafmagn er notað til suðu eða hitunar, ber að gæta þess að áhöldin sjeu þannig sett að engin eldhætta stafi af þeim.

9. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna lampa og áhöld, sem eftir áliti hennar eru talin ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri. Hreppsnefndin áskilur rafveitunni einkasölu á rafveitu lömpum og öðrum rafveituáhöldum sem sett verða í samband við rafveituna.

63

22. maí

10. gr.

Stöðvarstjóri og umboðsmaður rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstaðar að rafleiðslunni innan húss og utan til að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

11. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær sem hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, skal þá stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandinu við hann til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

12. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er rafveitunefnd heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má skjóta til stjórnarráðsins.

13. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir á hendi þriggja manna nefnd (rafveitunefnd), sem hreppsnefndin kys til þriggja ára í senn, gengur einn nefndarmaður síðan úr nefndinni árlega, tvö fyrstu árin eftir hlutkesti og er kosið í þeirra stað. Nefndin kys sjálf mann úr sínum flokki og ræður stöðvarstjóra og fjehirði rafveitunnar í samráði við hreppsnefndina. Stöðvarstjóri á heimting á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett, nema hann sje í nefndinni sjálfur.

Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirskipunum rafveitunefndar.

Rafveitunefndin gefur, eftir hver árslok, hreppsnefndinni skýrslu um störf rafveitunnar um leið og ársreikningur er afhentur henni.

14. gr.

Hreppsnefndin semur í samráði við rafveitunefnd gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

15. gr.

Reglugjörð þessari svo og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

16. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum nema þyngri hegning liggi við og skal farið með mál út af þeim, sem almenn lögreglumál. Sektirnar renna í sveitarsjóð Suðurfjarðarhrepps.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum ur. 51, 3. nóvember 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeil 1 stjórarráðsins, 22. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.